

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Skúla Alexanderssonar um verð á steypu og sementi.

1. Hver var hækkun meðalverðs sements og steypu á milli árunna 1983–1984, 1984–1985 og 1985–1986, í prósentum og krónum talið: a) hækkun sementsverðs, b) hækkun steypu, c) hækkun steypu án sements?

Svar:

a. Hækkun meðalverðs sements var sem hér segir:

Á milli árunna 1983–1984	25.7%
Á milli árunna 1984–1985	22.2%
Á milli árunna 1985–1986	26.5%

b. Hækkun meðalverðs á steypu var sem hér segir:

Á milli árunna 1983–1984	31.7%
Á milli árunna 1984–1985	37.5%
Á milli árunna 1985–1986	42.7%

c. Hækkun meðalverðs á steypu án sements var sem hér segir:

Á milli árunna 1983–1984	35.4%
Á milli árunna 1984–1985	46.3%
Á milli árunna 1985–1986	50.4%

2. Hvert var meðalverð steypu, steypu án sements og sements framantalin ár?

Svar:

a. Meðalverð á steypu var sem hér segir (kr. á m³):

Á árinu 1983	2032.70
Á árinu 1984	2676.70
Á árinu 1985	3681.90
Á árinu 1986	5253.80

b. Meðalverð á steypu án sements var sem hér segir (kr. á m³):

Á árinu 1983	1256.90
Á árinu 1984	1701.80
Á árinu 1985	2490.30
Á árinu 1986	3746.50

c. Meðalverð á sementi var sem hér segir (kr. á tonn):

Á árinu 1983	3103.00
Á árinu 1984	3900.00
Á árinu 1985	4766.00
Á árinu 1986	6028.00

3. Hver var hluti sements af steypuverði þessi ár?

Svar:

Hluti sements af steypuverði var sem hér segir:

Á árinu 1983	38.2%
Á árinu 1984	36.4%
Á árinu 1985	32.3%
Á árinu 1986	28.7%

4. *Hvernig var háttað verðlagseftirliti og hver var þáttur verðlagsyfirvalda við verðlagningu steypu og sements á þessu tímabili?*

Svar:

Fram til ágústmánaðar 1984 var hámarksverð á steypu án sements ákvarðað af Verðlagsráði. Frá þeim tíma hefur ekki verið ákvarðað hámarksverð á steypu án sements og verðlagsyfirvöld hafa ekki haft afskipti af verðlagningunni. Verðlagsráð hefur ákvarðað hámarksverð á sementi á öllu tímabilinu sem fyrirspurnin nær til.